



Kvika Banki hf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík

c/o
Sigurður Hannesson, Stjórnarformaður
Ármann Þorvaldsson, Bankastjóri

Reykjavík, 28. maí 2025

Efni: Beiðni um samrunaviðræður

Með þessu bréfi óskar stjórn Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“) eftir því við stjórn Kviku banka hf. („Kvika“) að hefja viðræður með það að markmiði að sameina starfsemi bankanna tveggja.

Íslandsbanki telur að sameining skapi fjölmörg tækifæri fyrir sameinað banka, hluthafa hans, viðskiptavinum og fjármálakerfið í heild. Aukin verðmætasköpun getur meðal annars náðst með aukinni stærðarhagkvæmni sem geti skilað sér til neytenda, fjölbreyttari starfsemi sameinaðs banka, lægri fjármögnunarkostnaði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og umtalsverðum samlegðaráhrifum á tekjur. Þá gerir Íslandsbanki ráð fyrir að aukið markaðsvirði sameinaðs banka muni laða að fjölbreyttari hóp hluthafa, bæði innanlands og utan, sem verði til hagsbóta fyrir núverandi hluthafa bankans og fjármálamarkaðinn í heild.

Íslandsbanki telur að viðræður um sameiningu eigi að byggja á markaðsvirði beggja félaga og er Íslandsbanki reiðubúinn að bjóða 10% ofan á markaðsvirði Kviku við útreikning á skiptihlutföllum. Enn fremur er bankinn tilbúinn til að ræða fyrirkomulag sem gefi hluthöfum Kviku kost á að fá greitt með hlutabréfum og reiðufé.

Samþykki Kvika þessa tillögu Íslandsbanka er gert ráð fyrir að forsvarsmenn félaganna hittist til að ræða næstu skref, sem yrðu háð nauðsynlegum leyfum eftirlitsaðila. Þar sem bæði félögin eru eftirlitsskyld og skráð á hlutabréfamarkaði og lúta upplýsingaskyldu, gerir Íslandsbanki ráð fyrir að þörf á áreiðanleikakönnun verði takmörkuð. Jafnframt vísar Íslandsbanki til nýlegrar útboðslýsingar bankans sem unnin var í kjölfar slíkrar könnunar.

Eins og komið hefur fram opinberlega telur Íslandsbanki að frekari samþætting verði fjármálakerfinu á Íslandi til hagsbóta. Þá hefur Íslandsbanki lýst yfir markmiðum sínum um áframhaldandi vöxt og vilja til að taka virkan þátt í þróun íslensks fjármálamarkaðar. Með það í huga telur Íslandsbanki að sameining Íslandsbanka og Kviku geti skapað veruleg verðmæti fyrir bæði félög, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.

Við óskum eftir svari við bréfi þessu innan tveggja vikna en erum reiðubúin til að lengja þann frest, ef Kvika óskar þess.

Í samræmi við upplýsingaskyldu mun Íslandsbanki birta þetta bréf með tilkynningu til Kauphallar.

Virðingarfyllst,
Íslandsbanki hf.



Linda Jónsdóttir
Stjórnarformaður

Jón Guðni Ómarsson
Bankastjóri